

Sp.

497. Nefndarálit

[16. mál]

um till. til þál. um beinar greiðslur til bænda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins á fundi sínum 20. mars. Meiri hluti nefndarinnar — hvorki meira né minna en sex alþingismenn — hefur skilað nál., dags. 15. mars, þar sem þeir leggja til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Í tilefni af þessum áfanga þykir minni hluta við hæfi að rifja upp þróunarsögu hugmyndar þeirrar er að baki tillögunnar liggur.

Hugmyndin mun hafa kviknað í sláturtíðinni haustið 1976 norður á Sauðárkróki í sambandi við aftöku lambhrúts sem Sveinn Nikodemusson átti. Eyjólfur Konráð Jónsson var þá í nokkru uppnámi og taldi að bændur í Skagafirði, samtök þeirra og heilbrigðisyfirvöld í landinu legðu hömlur á umsvif sín við sláturstörf og iðnrekstur. Síðan flutti hann á 98. löggjafarþingi, 1976, aleinn, svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar, 108. mál, þskj. 127: